

Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardal

Reykjavík, 28. júní 2019

**Efni: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016.  
Skipulags- og matslýsing vegna vindlundar á Hróðnýjarstöðum.**

Undirritaður lögmaður gætir hagsmuna eigenda jarðanna Glerárskóga, Ljárskóga, Ljarkots, Vígholtsstaða og frístundabyggðar í landi þeirrar jarðar. Þá hefur umfangsmikil frístundabyggð jafnframt verið skipulögð í landi Ljárskóga er fellur undir áhrifasvæði fyrirhugaðrar vindorkuvirkjunar.

Umbj. mínir telja að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar um uppbyggingu umfangsmikillar vindorkuvirkjunar í landi Hróðnýjarstaða vera án nokkurra fordæma auk þess sem allur undirbúningur málsins sé svo stórlega ábótavant að ekki verði að óbreyttu hægt að taka efnislega málefnalega ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar.

Telja umbj. mínir að umfangsmikil raforkuframleiðsla með vindorku og tilheyrandi vindmyllum í miðju landbúnaðarhéraði geti aldrei verið í sátt við náttúru og samfélag þeirra manna sem þar búa, og leggjast umbj. mínir alfarið gegn þeim hugmyndum sem nú hafa verið kynntar þar sem ljóst sé að slík stórvirkjun muni hafa mjög mikil neikvæð áhrif á hagsmuni og eignir umbj. minna og byggðarinnar í heild.

Umbj. mínir gera þá skýlausu kröfu til sveitarstjórnar Dalabyggðar að við tillögur að breyttu aðalskipulagi verði fallið frá auglýstri skipulags- og matslýsingu um að breyta landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði fyrir vindorkuvirkjun í landi Hróðnýjarstaða. Telja umbj. mínir að til fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi standist ekki ákvæði laga og sem rakið verður hér síðar.

Þá benda umbj. mínir á að sú skipulags- og matslýsing sem nú er sett fram fyrir breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar, gerir ráð fyrir að breyta rúmlega 400 ha. svæði fyrir blandaða landnotkun þar á meðal iðnaðarsvæði til nýtingar vindorku. Um orkuvinnslu gilda ákvæði fjölmargra laga og lagabálka sem taka verður tillit til þegar fyrirhuguð er orkuvinnsla af því gríðarlega umfangi sem fram kemur í lýsingunni og óhjákvæmilegar stórframkvæmdir er fylgja uppsetningu og tengingu allt að 40 vindmyllum. Af þeim gögnum sem liggja fyrir er alls óvíst að landeigendur og sveitafélagið geti fullnægt þeim skuldbindingum sem fram koma í þeim lögum sbr. nánari útlistanir hér síðar.

Umbj. mínir sendu inn athugasemdir við sambærilegar auglýstar breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna fyrirhugaðs vindorkuvirkjunar á Hróðnýjarstöðum, með bréfi dags. 2. febrúar 2018. Vísa umbj. mínir til athugasemda sem þar komu fram, máli sínu til stuðnings auk þeirra athugasemda sem koma nú fram við auglýsta lýsingu.

### **Stjórnsýsla málsins.**

Umbj. mínir gera alvarlegar athugasemdir við meðferð sveitastjórnar Dalabyggðar í málinu og þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð og átelja verður harðlega. Af því tilefni óskuðu umbj. mínir eftir því við sveitarstjórn Dalabyggðar að auglýsing um skipulags- og matslýsingu vegna vindorkuvirkjunar á Hróðnýjarstöðum yrði slegið á frest. Byggðu umbj. mínir beiðni sína á því að sveitarstjórn hefði m.a. ekki markað neina heildstæða stefnu varðandi nýtingu vindorku innan sveitarfélagsins og ekki lægi fyrir hvernig sveitarfélagið hygðist stýra þeirri miklu uppbyggingu sem innlendir og erlendir aðilar áformuðu í sveitarfélaginu. Vindorkuvirkjanir í þeim mæli sem nú er í farvatninu eru af þeirri stærðargráðu að þau feli í sér algjört nýmæli hvað varði skipulag og mat á umhverfisáhrifum í íslenskri náttúru, en nánast engin reynsla er af umhverfisáhrifum vindmylla hér á landi.

Skýtur það því nokkuð skökku við að mjög takmarkaðar upplýsingar og gögn liggja fyrir um fyrirhugaða vindorkuvirkjun og hvernig hún samræmist t.d. ákvæðum laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, en þau lög taka til hvor tveggja eignarlanda og þjóðlendna þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu þ.m.t. vindorku.

Markmið laganna er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti er byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þá er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu hafi ekki verið tekin afstaða til virkjunakosta í gildandi áætlun. Vegna þeirrar óvissu og þess að verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana skv. 7. gr. laganna, takmarkar það verulega heimildir sveitarfélagsins í skipulagsmálum. Er umbj. mínum ókunnugt hvort sú breyting sem nú er fyrirhuguð á aðalskipulagi Dalabyggðar samrýmist þessum lagaskyldum sem hvíla á sveitarfélaginu, en þar til þeirri óvissu er eytt þá geti skipulagsáætlanir líkt og þær sem fyrirhugaðar eru ekki hlotið brautargengi auk þess sem þær brjóta á lögvörðum réttindum umbj. minna.

Líkt og kom fram í fyrri athugasemdum umbj. minna þá kom fram á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 14. september 2017 þar sem fjallað var um áform Storm orku ehf. um uppbyggingu vindorkuvirkjunar, að nefndin ætti erfitt með að taka afstöðu til verkefnisins þar sem gögn og upplýsingar vantaði. Sú matslýsing sem nú liggur fyrir bætir í engu við það sem áður hefur komið fram að mati umbj. minna.

Telja umbj. mínir að vegna þess mikla skorts á upplýsingum sem nauðsynlegt er að liggi fyrir, kunnir ákvarðanir sveitarstjórnar sem teknar eru við þær aðstæður að brjóta gegn ákvæðum stjórnarsýslulaga.

### **Glerárskógalína og tengivirki.**

Í matslýsingu er mjög fátækleg lýsing á fyrirhugaðri byggingu tengivirkis og tengingu við vindmyllur og hvaða áhrif það muni hafa á umhverfið. Enga útfærslu er að finna um þessar tengingar og hvaða möguleikar koma þar til greina og hvort slíkt útheimtir hugsanlega frekari breytingar á skipulaginu og þá með hvaða hætti það kunnir að hafa áhrif á nær- og fjærumhverfi og þá sérstaklega hagsmunir umbj. minna. Hins vegar kemur fram að uppsett afl fyrirhugaðrar virkjunar verði allt að 130 MW og að raforka frá vindmyllum verði tengd inná Glerárskógalínu, sem er væntanlega grunnforsenda þess að verkefnið geti gengið upp.

Þá liggur ekkert fyrir um það að slíkt tenging sé möguleg eða gerleg, en skv. upplýsingum frá landeiganda Hróðnýjastaða getur línan borið til viðbótar um 85 KW. Staðfesting Landsnets um þá viðbótarburðargetu liggur að vísu ekki fyrir í gögnum málsins og um hugsanlega tengimöguleika. Hins vegar háttar svo til að á svæði því sem umrædd lína liggur, er fyrirhuguð orkuvinnsla með vind- og vatnsaflum uppá um 500 MW. Má t.d. benda á að fyrirhuguð vindorkuvirkjun á Sólheimum verður með uppsett afli allt að 150 MW og að tengivirki á þeirri jörð verði tengd einnig inná Glerárskógalínu í eigu Landsnets sbr. minnisblað EFLU frá 19.02.2019.

Að mati umbj. minna bendir ekkert til þess að hægt verði að selja og flytja raforku frá umræddu orkuvinnslusvæði næstu áratugina gangi aðrar orkuáætlanir eftir, og þá einungis með stækkun Glerárskógalínu. Ef marka má þá framkvæmdaáætlun sem liggur fyrir hjá Landsneti eru engin áform um stækkun Glerárskógarlínu og að þó að flutningsgeta Vesturlínu sé ekki fullnýtt eru flutningstakmarkanir vegna lágs kerfisstyrks, er veldur því að kerfið þolir illa aukinn flutning.

Umfang slíks verkefnis er gríðarlegt og alls ekki fyrirséð að það gangi eftir, en gera verður þá skýlausu kröfu til sveitarfélagsins og landeiganda að þessi grunnskilyrði séu til staðar. Meðan engar haldbærar upplýsingar liggja fyrir um tengimöguleika verkefnisins geta jafn mikilsverðar ákvarðanir og hér eiga undir um gjörbreytta nýtingu á landi ekki verið teknar þannig að uppfyllt séu ákvæði stjórnarsýslulaga um að mál teljist nægilega upplýst og að þær séu til þess fallnar að ná því markmiði sem að er stefnt með byggingu vindorkuvers.

Þá telja umbj. mínir það skjóta nokkuð skökku við að sveitarfélagið hafi ráðið EFLU til að vinna að skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar vindorkuvirkjunar að Hróðnýjarstöðum, þar sem efast megi um hlutleysi fyrirtækisins vegna hagsmuna þeirra sem það gætir m.a. fyrir verkkaupa sinn Quadran Development Iceland. Er ljóst að leyfisveitingar eins félags byggðum m.a. á skýrslum EFLU getur haft áhrif á aðrar leyfisveitingar í skjóli jafnræðissjónarmiða og að málefnaleg sjónarmið verði því fyrir borð borin af þeim sökum.

Þá orkar tvímælis að mati umbj. minna að sama fyrirtæki var fengið til að vinna að stefnumótun og heildarúttekt vegna vindorku í Dalabyggð. Það sem einna helst einkennir þá skýrslu er hversu rýr hún er og hversu almennt hún er orðuð. Það sem hins vegar kemur fram í henni um mikilvægi samráðs við íbúa og verndun náttúru, hefur sveitarstjórn alfarið kosið að horfa framhjá.

### **Skipulagslög.**

Umbj. mínir telja að sveitarstjórn Dalabyggðar hafi með umræddu háttalagi sínu brotið m.a. gegn ákvæðum skipulagslaga einkum 1. mgr. 30. gr. svo og 4.2.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um efni lýsingar og tengsl verkefnisins við önnur lög.

Markmið slíkrar skipulagslýsingar er að kynna íbúum sveitarfélags og öðrum hagsmunaaðilum þær áherslur sem sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerð og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu. Er erfitt í fyrirbyggjandi skipulagslýsingu að átta sig á þessum lögbundnu atriðum er gæta þarf að svo og hvaða áherslur sveitarstjórn gerir við slíka orkuvinnslu, enda ekki til nein heildstæð stefna í orkumálum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnir fara með skipulagsmál sveitarfélaga og gerð skipulagsáætlana, þar sem m.a. er fjallað um skipulag landnotkunar. Engin sérstök ákvæði er um nýtingu vindorku að öðru leyti en því þar sem fjallað almennt um þróun byggðar og að landnotkun sé í samræmi skipulagsáætlanir. Dalabyggð hefur ekki markað heildstæða stefnu í orkumálum þar sem m.a. tekin er afstaða til möguleika á raforkuframléiðslu með vindorku sem felur í sér hvar skuli stefnt að slíkri uppbyggingu, stærð og fjöld vindmylla auk þess sem gæta verði að þeim heimildum sem sveitarstjórnir hafa vegna þeirra takmarkana sem finna má í lögum nr. 48/2011 og áður var fjallað um.

Þá ber sveitarstjórnnum að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana, þar sem kemur fram að skipulag gefi kost á að nýta orkulindir með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi og að mannvirki falli sem best að landslagi og annarri landnotkun og að öll orkuframléiðsla sé unnin í góðri sátt við náttúru og samfélag. Í landsskipulagsstefnu kemur fram að reynsla og þekking af nýtingu vindorku sé af skornum skammti og kallað eftir viðmiðunum varðandi vindorkunýtingu. Lögð er áhersla á að vanda staðarval og fara varlega þegar kemur að vali á svæðum og spilla ekki víðernum og huga vel að sjónmengun, hljóðmengun og áhrifum á mannlíf. Benda umbj. mínir á það að þeim sé ekki kunnugt um að álit liggja fyrir frá Skipulagsstofnun varðandi vindorkuver, utan vindorkuvers við Búrfell. Kom fram í því álit að vindorkuverið félli illa að áherslum Landskipulagsstefnu á vernd víðerna og landslagsheilda. Telja umbj. mínir sömu sjónarmið eigi við í tilfelli vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum.

Umbj. mínir vita heldur ekki til þess að sveitarstjórn hafi markað heildstæða stefnu um orkumál í héraðinu eða þann virkjunarkost sem felst í að beisla vind. Meðan engrar slíkrar stefnu nýtur telja umbj. mínir mjög varhugavert að breyta aðalskipulagi á þann hátt sem greinir í skipulagslýsingu, er leitt gæti til holskeflu umsókna sem erfitt gæti verið að verjast m.a. á grunni ákvæða

stjórnsýslulaga. Getur sveitarstjórn ekki tekið svo afdrifaríkar ákvarðanir án þess að íbúum sveitafélagsins verði gefin kostur á að kynna sér þær og taka þátt í því ferli sem fara þarf fram, eigi að marka heildstæða stefnu til framtíðar um orkuvinnslu í Dalabyggð. Er slíkt sérstaklega mikilvægt vegna ásóknar í að beisla vind í Dalabyggð og því mikilvægt að fyrir liggji skýr viðmið fyrir svo afdrifaríkar ákvarðanir er snúa að nýtingu vindorku.

Umbj. mínir leggja áherslu á að umrætt svæði sem fyrirhugað er að breyta í iðnaðarsvæði liggur á landbúnaðarsvæði og ber sveitarstjórn að byggja ákvarðanir sínar um ráðstöfun lands til nýtingar á flokkun landbúnaðarlands og að því verði ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Telja umbj. mínir að vindmylluvirkjun þjóni fráleitt því hlutverki og hafi sérstaklega mikil áhrif á landgæði jarða þeirra og ásýnd alls landsins, nær og fjær.

### **Vernd náttúru og villtra dýra.**

Sú viðamikla framkvæmd sem óhjákvæmilega fylgir uppsetningu og rekstri vindorkuvirkjunar, hefur vissulega mikil áhrif á ásýnd náttúru og þeirrar sérstöðu er umbj. mínir telja að eigi við um það landsvæði sem hér um ræðir. Markmið náttúruverndar er að tryggja til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru og að hún geti þróast á eigin forsendum. Orkuver af þeirri stærðargráðu sem kynnt hefur verið, mun vissulega spilla landi og hafa áhrif á þau vatnasvæði sem liggja við orkuverið. Sérstaklega skal þar nefna Neðstavatn og laxveiðiánnu Fáskrúð, en mikil uppbygging hefur átt sér stað við Fáskrúð í því skyni að laða að erlenda veiðimenn og treysta grundvöll ferðaþjónustu á staðnum. eru þau áform í uppnámi auk þess sem fyrirhugaðar framkvæmdir við orkuver og rekstur þess kunna að hafa mikil áhrif á fiskgengd, en nánast engra upplýsinga eða rannsókna nýtur við um vindorkuvinnslu í návígi við laxveiðar og veiðivötn.

Að mati umbj. minna verður ekki ráðið að sveitarstjórn hafi gætt að því við þær ákvarðanir sem þó hafa verið teknar og virðast miða að því að styðja við vindorkuver í Dalabyggð, að taka mið af þeim sjónarmiðum sem fram koma í náttúruverndarlögum m.a. 8. gr.-11. gr. þeirra laga um vísindalegan grundvöll fyrir töku ákvarðana, lögbundinnar varúðarreglu og mat á heildarálagi.


### **Niðurlag.**

Umbj. mínir hafa lýst áhyggjum sínum af því að umrædd vindorkuvirkjun muni hafa sértæk og viðamikil áhrif á eignir þeirra og ekki síður þau lífsgæði sem þeir eiga rétt til og máttu vænta. Af skipulagslýsingunni að dæma liggja engar upplýsingar eða gögn fyrir um áhrif slíkra vindorkuvirkjana annars staðar. Hvorki er teljandi reynsla af þeim hér á landi, né að fyrir liggji grunnrannsóknir sem réttlætt geti svo viðamikla raforkuframleiðslu í túnfæti umbj. minna. Hvorki sveitarstjórn Dalabyggðar né Storm orka ehf. virðast hafa kynnt sér hvaða lög og reglur kunna að eiga við rannsóknir, framkvæmdir og rekstur vindmyllugarða, sbr. það þekkta lagaumhverfi sem á við varðandi virkjanir á fallvötnum og jarðvarma.

Mikil óvissi ríkir um það lagaumhverfi sem kann að gilda um vindorkuvirkjanir og lýsa umbj. mínir furðu yfir vilja sveitarstjórnar að ganga til samtarfs við Storm orku ehf. á meðan slíkt ástand varir, hugsanlega með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir umbj. mína og aðra íbúa Dalabyggðar.

Vegna þess hversu mikil óvissa ríkir um málefni vindorkuvirkjana og skorts á heildstæðri löggjöf um vindorkuvinnslu og dreifingu orku af þeim sökum, svo og löggjöf almennt um kröfur sem gera þarf til framkvæmdaaðila og þeirra mannvirkja sem reisa þarf, ítreka umbj. mínir þá kröfu sína að fallið verði frá auglýstri tillögu í skipulagslýsingu er gerir ráð fyrir vindorkuvirkjun við Hróðnýjarstaði.

Virðingarfyllst,



Hilmar Magnússon hrl.

Meðfylgjandi athugasemdir til Dalabyggðar dags. 2. febrúar 2018

Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardal

Reykjavík, 2. febrúar 2018

**Efni: Skipulags- og matslýsing vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2106 í 7 liðum – Athugasemdir við lið 2: Vindorkugarður við Hróðnýjarstaði.**

Undirritaður lögmaður gætir hagsmuna eigenda jarðanna Ljárskóga, Ljarkots, Vígholtsstaða og frístundabyggðar í landi þeirrar jarðar. Telja umbj. mínir að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar um uppbyggingu vindorkuvirkjunar í landi Hróðnýjarstaða vera fordæmislaus og mjög vanhugsaða. Ljóst sé að umfangsmikil orkuframleiðsla með vindorku í miðju landbúnaðarhéraði getur aldrei verið í sátt við náttúru og samfélag þeirra manna sem þar búa.

Umbj. mínir gera þá skýlausu kröfu til sveitarstjórnar Dalabyggðar að við tillögur að breyttu aðalskipulagi verði fallið frá auglýstri skipulagslýsingu um að breyta landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði fyrir vindorkuvirkjun á allt að 600 ha. svæði í landi Hróðnýjarstaði.

#### **Stjórnsýsla málsins.**

Umbj. mínir gera alvarlegar athugasemdir við meðferð sveitastjórnar Dalabyggðar í málinu og þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð. Í málinu virðast liggja fyrir afar takmarkaðar upplýsingar og gögn um fyrirhugaða vindorkuvirkjun frá Storm orku ehf., sem er sá aðili sem áformar uppbyggingu virkjunarinnar. Telja umbj. mínir að engar forsendur séu nú til staðar til að heimila iðnaðarsvæði í miðju landbúnaðarhéraði, hvort sem af gerð vindorkuvirkjunar verði eða ekki.

Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 14. september 2017 þar sem fjallað var um áform Storm orku ehf. um uppbyggingu vindorkuvirkjunar, kom fram að nefndin ætti erfitt með að taka afstöðu til verkefnisins þar sem gögn og upplýsingar vantaði. Þá lágu að því er virðist eingöngu fyrir drög að vilja- og samstarfslýsingu sem virðast ekki hafa varpað neinu ljósi á verkefnið að öðru leyti, ef marka má umsögn nefndarinnar.

Á fundi sveitarstjórnar þann 19. september 2017 samþykkti hún hins vegar með sex greiddum atkvæðum fyrirbyggjandi vilja- og samstarfsyfirlýsingu. Er alls óljóst hvað sú samþykkt felur í sér og að hvaða leyti hún kann að hafa stýrt og muni stýra gjörðum sveitastjórnar og þá hvort sveitarstjórn hafi bundið hendur sínar að einhverju leyti, sem gengi þvert gegn ákvæðum skipulagslaga, umbj. mínum til tjóns.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti svo á fundi sínum þann 22. nóvember 2017 að staðfesta þá samþykkt umhverfis- og skipulagsnefndar að auglýsa skipulags- og matslýsingu fyrir sjö breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Lá þá fyrir skipulags- og matslýsing dags. 15. nóvember 2017. Virðist sem stuðst hafi verið við í þeirri lýsingu að nokkru við lýsingu Storm orku ehf. á verkefninu, sbr. bréf félagsins til sveitarstjórnar Dalabyggðar dags. 29. október 2017. Af bréfaskiptum þessum má ráða að sveitarstjórnin hafi ekki haft neina lýsingu á virkjanaverkefninu þegar ákveðið var að ganga til samtarfs við Storm orku ehf.

Hins vegar háttar svo til að í skipulagslýsinguna skortir allar upplýsingar um áhrif vindorkuversins á næsta nágrenni með tilliti til afkastagetu versins svo og gerð, stærð og útlit vindmyllna og aðrar þær nauðsynlegu upplýsingar sem krefja verður um til að geta tekið málefnalega afstöðu til fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi, sem telja verður stórfelldar.

Miðað við upplýsingar frá Storm orku ehf. kann hæsta hæð vindmylluvængs að vera í um 180 m. hæð. Þá virðast uppdrættir er fylgdu lýsingunni alls ekki samræmast þeim uppdrætti er fram kom í áður nefndu bréfi Storm orku ehf.

Þá vita umbj. mínir ekki til þess að sveitarstjórn hafi markað heildstæða stefnu um orkumál í héraðinu eða þann virkjunarkost sem felst í að beisla vind. Meðan engrar slíkrar stefnu nýtur telja umbj. mínir mjög varhugavert að breyta aðalskipulagi á þann hátt sem greinir í skipulagslýsingu, er leitt gæti til holskeflu umsókna sem erfitt gæti verið að verjast m.a. á grunni ákvæða stjórnarsýslulaga. Getur sveitarstjórn ekki tekið svo afdrifaríkar ákvarðanir án þess að íbúum sveitafélagsins verði gefin kostur á að kynna sér þær og taka þátt í því ferli sem fara þarf fram, eigi að marka heildstæða stefnu til framtíðar um orkuvinnslu í Dalabyggð.

Telja umbj. mínir því grundvöll fyrir breyttri landnotkun skorta með tilliti til þeirrar handvamar er sveitarstjórn varð á við meðferð málsins og tilraunar til að fegra ásýnd verkefnisins. Þá er sérstaklega gagnrýnt verklag sveitastjórnar um auglýsingu skipulags- og matslýsingarinnar og að því er virðist algjörán skort á umræðum og upplýsingum á þessum fyrstu stigum málsins.

Gat sveitarstjórn Dalabyggðar vart dulist þau miklu áhrif sem uppbygging vindorkuvirkjunar af þeirri stærðargráðu sem fyrirhuguð er, hefði bæði á byggðina og íbúa þess.

### **Lagaumhverfi.**

Umbj. mínir telja að sveitarstjórn Dalabyggðar hafi með umræddu háttalagi sínu brotið m.a. gegn ákvæðum skipulagslaga einkum 1. mgr. 30. gr. svo og 4.2.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um efni lýsingar og tengsl verkefnisins við önnur lög.

Markmið slíkrar skipulagslýsingar er að kynna íbúum sveitarfélags og öðrum hagsmunaaðilum þær áherslur sem sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerð og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu. Er erfitt í fyrirbyggjandi skipulagslýsingu að átta sig á þessum lögbundnu atriðum er gæta þarf að svo og hvaða áherslur sveitarstjórn gerir við slíka orkuvinnslu, enda ekki til nein heildstæð stefna í orkumálum sveitarfélagsins eins og áður sagði.



Ekki er að finna neina lýsingu á áhrifum þessara áætlana um virkjunarkost á skipulagsgerðina eða þeirrar staðreyndar að ekki er að finna í löggjöf heildstæð ákvæði um vindmyllur og hvaða kröfur séu gerðar til þeirra, þ.m.t. um ásýnd og hávaða. Benda umbj. mínir á í því sambandi að fyrirhuguð afköst vindmylluvirkjunar er á við afköst stærstu vatnsaflsvirkjana hér á landi.

Þá er ekki að finna í skipulagslýsingu tengsl aðalskipulagstillögunnar við verndar- og orkunýtingaráætlun skv. lögum nr. 48/2011 þar sem fram kemur m.a. í 1. gr. þeirra laga að markmið þeirra sé að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggji á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru, menningarsögulegra minja og hagkvæmni.

Umbj. mínir leggja áherslu á að umrætt svæði sem fyrirhugað er að breyta í iðnaðarsvæði liggur á landbúnaðarsvæði og ber sveitarstjórn að byggja ákvarðanir sínar um ráðstöfun lands til nýtingar á flokkun landbúnaðarlands og að því verði ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Telja umbj. mínir að vindmylluvirkjun þjóni fráleitt því hlutverki og hafi sérstaklega mikil áhrif á landgæði jarða þeirra og ásýnd alls landsins.

Við skipulagsgerð mannvirkja í dreifbýli ber sveitarfélagi að tryggja, að ný mannvirki taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum og ekki verði gengið á óþörfu á svæði sem nýta má til landbúnaðar eða vernda vegna náttúru þeirra. Í því sambandi ber að leitast við að greina sérstöðu og styrkleika svæðisins með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu og að ákvarðanir taki mið af náttúruvernd og auðlindum sem felast í ferðaþjónustu, er geti nýst bæði íbúum á svæðinu og ferðamönnum. Ber framborin lýsing ekki í sér að gætt sé að þessum atriðum við skipulagsgerðina eða hvernig tilkoma vindmylluvirkjunar styrki byggðina og teljist geta verið gerð í sátt við náttúruna.


Þá hafa umbj. mínir sérstakar áhyggjur af því að umrædd virkjun muni hafa sértæk og viðamikil áhrif á eignir þeirra og ekki síður þau lífsgæði sem þeir eiga rétt til. Af skipulagslýsingunni að dæma liggja engar upplýsingar eða gögn fyrir um áhrif slíkra vindorkuvirkjana annars staðar. Hvorki er teljandi reynsla af þeim hér á landi, né að fyrir liggja grunnrannsóknir sem réttlætt geti svo viðamikla raforkuframleiðslu í túnfæti umbj. minna. Hvorki sveitarstjórn né Storm orka ehf. virðast hafa kynnt sér hvaða lög og reglur kunna að eiga við rannsóknir, framkvæmdir og rekstur vindmyllugarða, sbr. það þekkta lagaumhverfi sem á við varðandi virkjanir á fallvötnum og jarðvarma.

Mikil óvissi ríkir um það lagaumhverfi sem kann að gilda um vindorkuvirkjanir og lýsa umbj. mínir furðu yfir vilja sveitarstjórnar að ganga til samtarfs við Storm orku ehf. á meðan slíkt ástand varir, hugsanlega með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir umbj. mína og aðra íbúa Dalabyggðar.

Benda umbj. mínir á það að Orkustofnun telur t.d. það vafa undirorpið hvort lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun taki yfirleitt til vindorkuvirkjana og hvað heimildir framkvæmdaaðilar njóta skv. raforkulögum með tilliti til umferðarréttar og eignarnáms, sem myndi þá bitna sérstaklega á umbj. mínum er eiga aðliggjandi jarðir, nyti slíkra heimilda við.

Vegna þess hversu mikil óvissa ríkir um málefni vindorkuvirkjana og skorts á heildstæðri löggjöf um vindorkuvinnslu og dreifingu orku af þeim sökum, svo og löggjöf almennt um kröfur sem gera þarf til framkvæmdaaðila og þeirra mannvirkja sem reisa þarf, ítreka umbj. mínir þá kröfu sína að fallið verði frá auglýstri tillögu í skipulagslýsingu er geri ráð fyrir vindorkuvirkjun við Hróðnýjarstaði.

Virðingarfyllst,



Hilmar Magnússon/hrl.